

Fundargerð

7. fundur umhverfisnefndar.

Mánudaginn 5. mars kom umhverfisnefnd saman til fundar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn kl. 17:00.

Mætt voru. Sigurður Jóhannes Jónsson, Axel Gunnarsson, Áki Guðmundsson, Sóley Indriðadóttir og Jóhanna Helgadóttir.

Dagskrá.

Bókun frá Áka Guðmundssyni.

“ Í ljósi tölvupósts frá formanni umhverfis- skipulags og bygginganefndar Langanesbyggðar dagsettur þann 9. janúar s.l. sem inniheldur skammir og jafnvel hótanir í garð nefndarmanna vill undirritaður taka það fram að ég hef ekki verið boðaður á fund hjá nefndinni frá fjórða desember 2006. Jafnframt óska ég eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess hvort ofangreindur tölvupóstur formannsins sé í þeim anda sem sveitarstjórn vill að nefndir hennar starfi í “.

1. Mál. Sorpmál.

(Umræða) (hugmyndir, skipulagning, framkvæmd), framhald frá síðasta fundi. Áki kynnti hugmyndir um háhitabrennslu, mjög áhugavert, málið verður skoðað nánar Áki kemur með gögn á næsta fund.

2. Mál. Önnur mál.

Umræður urðu um skógrækt, opin svæði, hreinsunardag fyrirtækja o.fl. Líflugar umræður.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:41.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.